

✉ Re: 2205021 - Umsagnarbeiðni, Hraunkot; Hraunborgir; Frístundasvæði; Endurskoðað deiliskipulag

Búið til	30.3.2023 16:20:12
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	30.3.2023 16:20:11
Tilheyrir	📁 202303-0062 - Hraunkot; Hraunborgir; Frístundasvæði; Endurskoðað deiliskipulag - Umsagnabeiðni.

Efni

Re: 2205021 - Umsagnarbeiðni, Hraunkot; Hraunborgir; Frístundasvæði; Endurskoðað deiliskipulag

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	30.3.2023 16:20:11	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42.3 Umsagnir um skipulagstillögur		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	solveig@utu.is
Cc	Snorri.Sigurdsson@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Uppsveita, dags. 28. mars 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um heildarendurskoðun deiliskipulags fyrir frístundabyggð í Hraunkoti, Grímsnesi.

Endurskoðun skipulagsins felur í sér að sameina tvö svæði (A og B), gera grein fyrir flóttaleiðum svæðisins, uppfæra skipulagsskilmála, breytingu lóða á nyrðra hluta svæðisins og fjölga lóðum. Heildarstærð skipulagssvæðisins er um 448 ha.

Frístundabyggðin er á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd og í nálægð svæðisins eru þrjú svæði á núgildandi náttúruuminjaskrár, C-hluta. Norðan við svæðið eru það Kerhóll við Seyðishóla og Kerið og Tjarnarhólar, og sunnan við svæðið er Arnarholt og Arnarbæli.

Deiliskipulag frístundabyggðarinnar er á Kerhólshraun sem er um 7050 ára, en austan við það, við Kiðjabergsveg, er eldra hraun, Seyðishólhraun, um 9500 ára. Kerhólshrauni hefur nú þegar verið raskað að hluta með frístundabyggðinni Hraunborgum.

Grímsnesgosbeltið e einstakt á landsvísi þar sem það er einangrað frá megin gosbeltum landsins og stendur eitt og sér. Grímsnesgosbeltið samanstendur af 12 eldstöðvum og 12 hraunum sem hafa gosið í hrinum fyrir um 7050-9500 árum. Heildarflatarmál Grímsneshrauna er um 54 km² og þar af eru Kerhólshraun og Seyðishólhraun stærst, eða rúmur helmingur af hraununum. Efnistaka í gjallgígum, skógrækt og frístundabyggð á hraunum hafa raskað jarðminjaheild svæðisins að stórum hluta og öröskuðum svæðum til verndar fer fækkandi.

Fyrir utan rask á jarðminjum verður rask á vel grónu mólendi innan skipulagssvæðisins og vistkerfi þess verður fyrir miklum breytingum sem fylgir frístundabyggðum almennt. Mólendi er mikilvægt búsvæði fyrir margar tegundir fugla, sérstaklega heiðlóu, en gífurlega hefur verið gengið á slík svæði í uppsveitum Suðurlands með orlofsbyggðum og skógrækt.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við endurskoðun deiliskipulagsins í Hraunkoti en leggur til að sveitarfélagið Uppsveitir geri áætlun um náttúruvernd innan svæðis Grímsness. Vernda þarf áhugaverðar jarðminjar sem tilheyrja Grímsnesgosbeltinu, t.d. Kerhól og það sem eftir er af Seyðishólum, og einnig er brýnt að tryggja vernd þeirra mólendissvæða sem enn eru til staðar og eru mikilvæg búsvæði fugla.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 210 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500.

www.ni.is (<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Iik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRny%2BdfM%3D&reserved=0>)

<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Iik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRny%2BdfM%3D&reserved=0>



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Sólveig Olga Sigurðardóttir" <solveig@utu.is>

To: "ba@babubabu.is" <ba@babubabu.is>; "Rannveig María Jóhannesdóttir - VG"

<rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is>; "Svanur G. Bjarnason - VG"

<svanur.g.bjarnason@vegagerdin.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is"

<axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>; "kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>;

"uggi@minjastofnun.is" <uggi@minjastofnun.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: 2205021 - Umsagnarbeiðni, Hraunkot; Hraunborgir; Frístundasvæði; Endurskoðað deiliskipulag

Date: 28.3.2023 12:41:47

Góðan dag

Óskað er eftir umsögnum við meðfylgjandi deiliskipulagstillögu.

Vegna mistaka þá láðist að senda þessa beiðni á auglýsingatíma tillögunnar sem var frá 9. febrúar- 24. mars sl. Þess vegna væri mjög vel þegið ef hægt væri að afgreiða þetta erindi eins fljótt og kostur er.

Með kveðju,

Sólveig

Sólveig Olga Sigurðardóttir

Ritari skipulagsfulltrúa



Dalbraut 12, 840 Laugarvatni

Netfang: solveig@utu.is (mailto:solveig@utu.is)

Veffang: www.utu.is (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?

url=http%3A%2F%2Fwww.utu.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C221dd2826540475fa48608db2f899ad9%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638156041059940466%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6I6k1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=IKYHGGjbgMfxxMTnNhN23ZnPuw8gMBqcLewyM%2FjHorl%3D&reserved=0)

Kortasjá Suðurlands: https://www.map.is/sudurland/ (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?

url=https%3A%2F%2Fwww.map.is%2Fsudurland%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C221dd2826540475fa48608db2f899ad9%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638156041059940466%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6I6k1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=YGhJscSE9F%2B2osdpBnj2U5i4APoHFsGctEd6fyk6cb0%3D&reserved=0)

Náðu þér í island.is – appið (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?

url=http%3A%2F%2Fwww.island.is%2Fapp&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C221dd2826540475fa48608db2f899ad9%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638156041060096686%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6I6k1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=aLi1E7GHZpmGB6dPj2pDoxAC9ScRsrcpkdK9%2B8O7cEQ%3D&reserved=0)

